

Stjórnarfundur ÆSKÞ föstudaginn 23. september 2012 kl. 14.00 í Neskirkju.

Mætt voru: Guðrún Karls Helgudóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Kristján Ágúst Kjartansson, Sigurvin Lárus Jónsson og Raket Brynjólfssdóttir. Framkvæmdarstjóri, Sigríður Rún Tryggvadóttir, sat fundinn.

1. Rætt var um Landsmót ÆSKÞ sem haldið verður 26.-28. október n.k. á Egilsstöðum.

- Landsmótsstjóri sýndi okkur plakat landsmóts en það fer í dreifingu í næstu viku.
- Þá var kynnt sú hugmynd að slegið verði upp „karnivali” á mótinu og þannig verði bæjarbúum boðið að taka þátt í Landsmóti og styrkja söfnunina. Sú hugmynd verður nánar útfærð á landsmótsnefndarfundum á mánudag.
- Rætt um gistingu á mótinu og sérstaklega hvaða ráðstafanir þarf að gera fyrir biskupa kirkjunnar. Sr. Þorgeir og Hlín hafa boðið mótsnefndinni gistingu en síðan eru gistiheimili í boði fyrir þau sem það vilja.
- Guðmundur Karl fór yfir fjármál mótsins. Verið er að vinna í styrkjum en sr. Davíð Baldursson sóknarprestur á Eskifirði hefur aflað töluverðra styrkja frá fyrirtækjum á Austurlandi og kann stjórnin honum miklar þakkir fyrir. Guðmundur Karl og Guðrún Karls ætla að halda áfram að vinna í þeim fyrirtækjum sem við teljum líklegt að vilji styrkja okkur.
- Rædd voru tilboð frá hljóðkerfaleigum á Austurlandi og ákveðið að ganga til samninga við Jón Arngrímsson á Egilsstöðum um tæknimál á Landsmóti 2012.
- Sigurvin Lárus bar fram breytingartillögu við þátttakendur á Landsmóti sem myndi heimila ungmennum að 18 ára aldri að koma sem þátttakendur á mótið. Slík ungmenni eru of ung til að bera ábyrgð á Landsmóti en eru yfirleitt leiðtogaefni í sínum kirkjum og koma á mótið með sínum æskulýðsfulltrúa, djákna eða presti. Breytingartillagan var samþykkt.

2. Rætt var um þá stöðu sem komin er upp í tveimur söfnuðum á höfuðborgarsvæðinu að ólöglegu ungmenni eru látin bera ábyrgð á unglingsstarfi á vegum safnaðarins. Sigurvin Lárus gerði grein fyrir því að móðir sem á ungmenni í annarri af þessum kirkjum hafi lýst þungum áhyggjum af ástandinu þar. Ákveðið var að senda tölvupóst á allar sóknarnefndir og presta kirkjunnar þess efnis að ólöglegt er að bera ábyrgð á slíku starfi nema að uppfylltum skilyrðum (sbr. æskulýðslög nr. 70/2007). Sigurvin og Sigríður senda stjórninni uppkast.

3. Guðmundur Karl ræddi um fundargerðir og undirritun þeirra. Fundargerðir eru mikilvæg gögn um starfsemi félagsins og þær þurfa að vera réttar. Lagði Guðmundur Karl til að fundargerðir yrðu sendar stjórnarmönnum í tölvupósti fljótlega eftir stjórnarfundum. Þær yrðu svo leiðréttar í gegnum tölvupóst. Í upphafi hvers fundar yrði svo farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún undirrituð af þeim sem sátu fundinn. Tillagan var samþykkt og verður þessi háttur hafður á framvegis. Úrdráttur úr fundargerðum verður svo birtur á vefsíðu félagsins.

4. Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 12. október kl. 13:00 í Neskirkju.

Fundi slitið kl. 16.00.

Fundargerð ritar Sigurvin Lárus Jónsson